

**Ed.**

**174. Frumvarp**

til laga um bankaráð Íslands.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Fimm manna bankaráð skal hafa yfirumsjón með öllum bönkum og sparisjóðum hjer á landi. Fjármálaráðherra er sjálfkjörinn formaður bankaráðsins. Auk hans eiga þar sæti einn fulltrúi tilnefndur af sambandi kaupmanna, annar fyrir samband verkamanna, þriðji fyrir samband kaupfjelaganna,

fjórði fyrir Búnaðarfrje lag Íslands. Landssjóður og lánsstofnanir landsins greiða bankaráðsmönnunum hvorki laun nje ágóðahlut.

2. gr.

Bankaráð Íslands skal halda a. m. k. einn fund á viku, og oftar ef þörf þykir. Afí atkvæða ræður úrslitum mála á bankaráðsfundum.

3. gr.

Bankaráðið hefir það hlutverk að marka aðallinurnar í starfsemi íslenskra lánsstofnana, ákveða í samráði við hlutaðeigandi bankastjórnir innláns- og útlánsvexti, ákveða hversu veltufje bankanna skuli skiftast milli atvinnugreinanna í landinu. Bankaráðið hefir frjálsan aðgang, hvenær sem er, að öllum bókuum og skjölum bankanna. Það lætur einn eða fleiri af trúnaðarmönnum sínum rannsaka alla sparissjóði á landinu a. m. k. einu sinni á ári. Kostnaður við þetta eftirlit með sparissjóðum greiðist úr landssjóði.

Greinargerð.

Hingað til hefir vantað samræmi í störf íslenskra lánsstofnana. Og það litla eftirlit, sem löggjöfin hefir skapað, þ. e. bankaráð Íslandsbanka, hefir lengst af verið skoðað sem billingur. Auk þess náði það bankaráð ekki nema til einnar stofnunar. Hjer er gert ráð fyrir, að atvinnuvegirnir og aðalstjettir landsins hafi úrslitaáhrif á meðferð veltufjárins. Tveir fulltrúar fyrir sjávarsiðuna, annar fyrir þá svokölluðu efnamenn, hinn fyrir þá svonefndu fátæku og tveir fyrir sveitirnar. Þar með er aðalatvinnuvegum landsins gert jafnhátt undir höfði. Fjármálaráðherrann er oddamaður og sker úr deilum milli atvinnugreinanna, eftir því sem málefni eru til. Nú sem stendur myndi slikt bankaráð þegar í stað ná til Landsbankans, veðdeildarinnar og sparissjóðanna. Ný einkabankastofnun mun liggja fyrir þinginu, og yrði það þá eitt af skilyrðum þingsins, að hinn nýi banki væri háður eftirliti bankaráðsins. Íslandsbanki væri að visu ekki formlega skyldur til að breyta sinu bankaráði. Verður þó tæplega hjá því komist, því að bæði er hið gamla bankaráð þeirrar stofnunar mjög úrelt, og verður það sjerstaklega nú, þar sem enska lánið, lán frá Landsbankanum og seðlar frá landinu, sem Íslandsbanki hefir nú, er milli 10—20 miljónir. Þar sem langmestur bluti af fjármagni bankans er lán frá landinu, er knýjandi þörf, að landsmenn, en ekki eigendur hins erlenda blutafjár, hafi æðsta vald, óskorað, yfir stofnuninni. Ef frumvarp þetta nær fram að ganga, myndi Íslandsbanki innan tíðar sjá sjer þann kost vænstan að ná samvinnu við aðrar lánsstofnanir í landinu, með því að hlíta bankaráði Íslands.